

**82. Bréf dómsmálastjórnarinnar til þeirra Kochs og Hendersons, útgjörðarmanna gufuskipsins, um félán til að kaupa fyrir skip.** 1863.  
20. októberm.

Útaf því, að þér í bænarskrá, dagsettri 20. dag júlím. þ. á., sækid um, að fá að láni úr ríkissjóðnum 90,000 rdl. til styrks til að útvega yður nýtt gufuskip og stærra til póstferðanna milli Danmerkur og hinna norðlægu hjálenda, þá skal yður hérmeð kunngjört, eptir að skrifazt hefir verið á um málið við fjárstjórnina, að dómsmálastjórnin ekki sèr veg til að útvega yður lán þetta.

**83. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um gjald fyrir geymslufè, er greitt var inn í jarðabókarsjóðinn.** 20. októberm.

Með álitsskjali yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, dagsettu 22. ágúst. þ. á., hefir dómsmálastjórnin meðtekið aptur bréf Thorsteinsons landfógeta; í því brèfi skýrir hann frá, að þér hafid skorazt undan að greiða gjald það, sem ákveðið er í konungsúrskurði 8. d. maím. 1839, fyrir 5000 ríkisdali af fè Kaldaðarnesspítala, er þér höfðuð borgað inn í jarðabókarsjóð Íslands 25. d. júním. þ. á. svo, að það skyldi biða ráðstöfunar frá yðar hálfu; skýtur hann því þessvegna til úrskurðar stjórnarráðsins, hvort sèr ekki beri  $\frac{1}{2}$  af hundraði í geymslueyri fyrir fè þetta og jarðabókarsjóðnum  $\frac{3}{4}$  af hundræði, ef stiptsyfirvöldin hafi fengið áður greinda 5000 rdl. greidda úr aðalfèhirzlu ríkisins hér í borginni; en ef þessu verði neitað, þá beiðist hann úrskurðar um, hvernig að skuli fara þegar svona stendur á, einkum um það, hvort í þessu efni eigi að gjöra undantekning frá reglunni í konungsúrskurðinum þegar er að gjöra um fè opinberra stofnana.

Útaf þessu kunngjörir dómsmálastjórnin yður, að bæði orðin í konungsúrskurðinum og tilgangur hans sýna, að ekki verður heimtað, að fè opinberra stofnana sè undanþegið, að